

Til bæjarráðs

Efni: Svar við fyrirspurn um viðhald og viðbyggingu við Sjálandsskóla

1. Hvort og hvenær ætlar Garðabær að byggja við Sjálandsskóla ?

Svar:

Samkvæmt fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árin 2019 – 2022 er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum við viðbyggingu Sjálandsskóla. Þriðji áfangi skólahúsnæðis Sjálandsskóla er óbyggður og munu framkvæmdir við viðbyggingu haldast í takt við þörf og uppbyggingu byggðar á Lyngássvæðinu.

Meðfylgjandi er uppdráttur er sýnir nánar staðsetningu 3. áfanga húsnæðis skólans.

2. Hefur verið gerð áætlun um viðhaldsframkvæmdir við Sjálandsskóla ?

Svar: Viðhaldsáætlun fyrir skólann fyrir 2019 liggur fyrir og hefur hún verið unnin af forstöðumanni eignasjóðs í samráði við stjórnendur.

3. Ef svo er, hvaða viðhaldsframkvæmdir ætlar Garðabær að ráðast í?

Svar: Í ár hefur verið unnið við uppsetningu á glerveggjum vegna hljóðvistar í bókasafni og einnig milli félagsaðstöðu nemenda og kennslurýma, sjá nánar meðfylgjandi teikningu. Fjárveiting til þessara framkvæmda er af sameiginlegum viðhaldslið eignasjóðs. Verkið var unnið í páskaeyfi og er lokið.

Í annað viðhald verður farið eftir að skólastarfi lýkur í vor og verður þá farið í verkefni samkvæmt forgangsroð en fjárveiting samkvæmt fjárhagsáætlun 2019 er kr. 20.000.000.

Þá er gert ráð fyrir föstum liðum eins og úttektum á bruna- og innbrotskerfum, lyftum, loftræstikerfum.